



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar**

Sú var tíð að berklar voru skelfilegur skaðvaldur hér á landi. Fólks, sem fékk þennan illvíga sjúkdóm, gat beðið snöggur aldurtíli eða löng lega á hæli og oftár en ekki örkuð að þeirri vist lokinni.

Lífsvon og vilji veitti gjarnan sálarstyrk. Meira þurfti þó til í glímu við erfið örlög. Samstaða og samhugur eflði hvern og einn. Það vissu berklasjúklingarnir 26 sem réðu ráðum sínum á Vífilsstaðahælinu og stofnuðu þar, hinn 24. október 1938, Samband íslenskra berklasjúklinga. Íslendingar sýndu í verki stuðning sinn, fé safnaðist og Reykjalundur reis.

Í árána rás tókst að vinna bug á berklunum en aðrar meinsemdir fóru hvergi og færðust jafnvel í aukana, þeirra á meðal alvarlegir lungnasjúkdómar. Áfram var því verk að vinna og starfsemi SÍBS efl-dist. Enn er brýnt að styðja við hið góða starf samtakanna og kjörorð þeirra eru í fullu gildi: Styðjum sjúka til sjálfsbjargar.

Íslendingar og landsmenn allir eiga SÍBS mikið að þakka. Á merkum tímamótum færi ég samtökunum og starfsliði þeirra þakkir fyrir fórnfúst og göfugt starf og óska þeim allra heilla.

Guðni Th. Jóhannesson